



Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1205

komudagur 6.2.2001

Menntamálanefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. febrúar 2000

Efni: Umsógn um frumvarp til þjóðminjalaga, frumvarp til safnalaga, frumvarp til húsafriðunarlaganna og frumvarp til laga um útflutning og skil menningarverðmæta

Með bréfi dags. 14. desember s.l. var óskað umsagnar þjóðminjaráðs um fjögur lagafrumvörp: frumvarp til þjóðminjalaga, frumvarp til safnalaga, frumvarp til húsafriðunarlaganna og frumvarp til laga um ólögmatan útflutning menningarverðmæta. Óskað var umsagnar fyrir 19. janúar, en frestur var gefinn til 2. febrúar.

Þjóðminjaráð fjallaði um drögin á fundi sínum þann 1. febrúar 2001 og var þar samþykkt eftirfarandi umsógn:

Þjóðminjaráð er í meginatriðum sammála þeim grundvallarbreytingum á skipulagi þjóðminjavörslunar sem frumvörpin fela í sér.

Þjóðminjaráð telur að í frumvörpunum sé stjórnábyrgð þjóðminjavörslunar einfölduð, boðleiðir styttrar og ábyrgð og vald einstakra aðila betur skilgreint en nú er. Jafnframt telur þjóðminjaráð það vera fagnaðarefni að með frumvarpi til laga um safnastarfsemi er í fyrsta sinn gerð tilraun til þess að setja ramma utan um safnastarfsemi í landinu. Hins vegar vill þjóðminjaráð koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

1. Samkvæmt frumvarpi til þjóðminjalaga er starfsemi Þjóðminjasafns Íslands aðgreind frá annarri starfsemi þjóðminjavarðar. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða. Tryggja þarf sjálfstæði safnsins gagnvart annarri starfsemi embættisins. Þjóðminjavarðarembættið á fyrst og fremst að vera stjórnábyrgð með afmarkað rannsóknarhlutverk og ráðgjafarskyldur gagnvart öðrum aðilum innan þjóðminjavörslunar. Spurning er hvort hér hefði mátt ganga lengra og aðskilja starfsemi safnsins frá embættinu með skýrari hætti, þannig að þjóðminjasafnið yrði sjálfstætt höfuðsafn (ríkisstofnun).
2. Leiðrétta þarf ákvæði varðandi fornleifasjóð og það sem sagt er í almennum athugasemdum um stjórn sjóðsins. Hugmyndin er sú að með yfirstjórn sjóðsins fari sjóðsstjórn en ekki þjóðminjavörður. Benda má á að samræmi mætti vera í samsetningu stjórna húsafriðunarsjóðs og fornleifasjóðs.
3. Gerð er athugasemd við 3. gr. frumvarps til þjóðminjalaga varðandi kröfur um menntun þjóðminjavarðar. Lagt er til að í stað „sérfræðimenntunar í fornleifafraeði“ komi „sérfræðimenntunar á sviði minjafraeða“.
4. Leiðrétta þarf ákvæði húsafriðunarlaganna er lúta að samvinnu húsafriðunarnefndar og minjavarða. Í því sambandi þarf að tryggja að við breytingar á friðuðum húsum sé nægilegt að leita til húsafriðunarnefndar sem sé skylt að leita eftir umsógn viðkomandi minjavarða. Með þessum hætti er stjórnábyrgð einfölduð gagnvart almenningi en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leita þurfi bæði til húsafriðunarnefndar og minjavarða.

Þjóðminjaráð telur að verði frumvörp þessi að lögum muni það styrkja starfsemi Þjóðminjasafns Íslands.

Virðingarfyllt,
f.h. Þjóðminjaráðs


Anna G. Ásgeirsdóttir, ritari